

## VIGTUN Á EIGIN ÞYNGD ÖKUTÆKIS

### Ábyrgð vigtarmanns

Í 20. gr. laga um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 segir að vottorð löggilts vigtarmanns sé full sönnun um þyngd þess sem vegið var og hvað var vegið.

### Eigin þyngd

Við vigtun á eigin þyngd ökutækja skal þess gætt að ökutæki uppfylli ákvæði 2. gr. umferðarlaga um eigin þyngd en þar segir að eigin þyngd sé þyngd ökutækis sem tilbúið er til notkunar, að meðtöldum búnaði, sem því fylgir að jafnaði, eldsneyti, smurolíu, kælivatni, varahjóli, verkfærum o.þ.h.

### Vigtarseðlar

Eigin þyngd ökutækja er aðeins skráð á grundvelli sérstakra vigtarseðla sem útbúnir eru af Umferðarstofu. Vigtarseðill skal vera í frumriti. Á vigtarseðli skal tilgreina fastnúmer og eigin þyngd ökutækis og skal eigin þyngdin staðfest af löggiltum vigtarmanni. Eigandi eða umráðamaður ökutækis skal staðfesta á vigtarseðli að ökutæki uppfylli kröfur umferðarlaga um eigin þyngd.

### Hópbifreiðar og torfærubifreiðar

Við vigtun hópbifreiða og við vigtun torfærubifreiða vegna sérskoðunar þarf einnig að tilgreina skiptingu eigin þyngdar á milli ása.